

1864.

16. júní.

á Akranesi, að þangað var töluverð aðsókn af fastakaupmönnum úr Reykjavík. En jafnvel þó ekki verði við því búizt, eptir álit stjórnarráðsins, að staður þessi nokkurntíma verði þýðingarmikill sem verzlunarstaður, virtist því samt sem áður ekki vera næg ástæða til að hafna uppástungu alþingis, er það hafði fallizt á með miklum atkvæðamun, um að verzlunarstaður þessi verði löggiltur, með því ekki verði heldur móti því horið, að slíkt geti verið nokkurs vert fyrir sveitir þær, er hlut eiga að máli, þar sem það, einsog áður er sagt, ekki virðist geta orðið hættulegt fyrir Reykjavíkur kaupstað, sem þar er í grennd.

Að endingu gat stjórnarráðið þess, að ef þessi skodun næði allra hæstu samþykki konungs, fælli burt varauppástunga þingsins um, að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi yrði leyft að reisa sölubúð og hafa verzlun við Lambhússund, með því slík ákvörðun, hvort sem var, eigi væri tiltækileg, þarsem hún kæmi beinlínis í bága við hin almennu verzlunarlög Íslands, sem eigi virtist vera ástæða til að gjöra neina breyting á nú sem stendur, enda yrði það eigi heldur gjört nema ríkisþingið ætti þátt í því.)

Vér Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allra mildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstað við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðar sýslu í suðurumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það frá 1. degi janúarmánaðar 1865 leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stað með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem um það efni er ákveðið í nefndu lagabóði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 16. dag júnímanaðar 1864.

27. júní.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um eignarrétt til vogreka.

Í bréfi 8. febrúarm. þ. á. hafð þér, herra amtmáður,

skýrt frá, að eptir að búið hafi verið að tilkynna yður, að í októbermánuði 1862 hafi rekið á land í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu og um sama leyti í Hnappadalssýslu fjölda af vogrekastubbum af útlandu skipi, sem menn höldu að hefði heitið „Theophilo“, eptir því, sem ráðið varð af merki, sem var á fjöl einni, er var með vogrekum þeim, er bar á land í Staðarsveit, þá hafið þér boðið hlutaðeiganda sýslumanni að selja vogrek þessi, og gefið út auglýsing um þau, en presturinn að Hítardal, Þorsteinn prófastur Hjálmarsen, og eigandi kirkjunnar í Hjörtsey, Guðmundur fyrrum hreppstjóri Sigurðsson, hafi neitað, hinn fyrrnefndi að greiða andvirðið fyrir kvartil með fernísolú, er við þetta tækifæri hafi borið á land á reka Hítardals kirkju á Gömlueyri við Litlahraun í Kolbeinsstaða hrepp, og hinn síðar nefndi að selja fram skipsmastur, er borið hafði upp á reka Hjörtseyjar kirkju, 21 alin á lengd og 2½ alin ummáls í neðri endann og hafi verið virt á 7 rd.; hafa menn þessir álitðið, að þeir sem landeigendur ættu að eignast þessa hluti eptir opnu bréfi 2. aprílm. 1853 og kansallíbr. 26. ágúst. 1809, ef réttur eigandi eigi leiddi sig að þeim og sannaði eignarrétt sinn áður en hinn lögbodni frestur væri út runninn.

Þér hafið nú, herra amtmaður, getið þess, að opið bréf 2. aprílm. 1853, saman borið við opið bréf 4. maí 1778 2. gr. og kansallíbr. 26. ágúst. 1809, eigi virðist veita tæðum landeigendum rétt þann, er þeir telja að sèr beri, heldur eigi andvirði þeirra hluta, sem hér er um rætt, og sem vafalaust muni vera af spánsku skipi, „Theophilo“ að nafni, er hafi brotnað við Reykjanes haustið 1862, að renna inn í ríkissjóðinn ef eigandi eigi leiði sig að þeim, eptir ákvörðuninni í opnu br. 4. maí 1778 1. gr. Fyrir þessa sök, og af því að landeigendur á Íslandi jafnaðarlega vitni til opins bréfs 2. aprílm. 1853 sem heimildar fyrir því, að þeir sèu eigendur að öllu, sem rekur af sjó uppá fjörur þeirra, en ríkissjóðurinn með því móti geti misst töluverðar tekjur, einkum eptir þeim mælikvarða, sem vant sè við að hafa við virðing á vogrekum á Íslandi, þá hafið þér, herra amtmaður, beiðzt leiðbeiningar stjórnarráðsins um, hvernig að skuli farið í slíkum tilfellum, og sèrstaklega beiðzt

1864.
27. júní.

1864.

27. júní.

úrskurðar um: 1. hvort Þorsteinn prófastur Hjálmarsen í Hítardal og Guðmundur kirkjueigandi Sigurðsson eigi að eignast andvirði ádurgreindra hluta, og ef svo skuli vera, 2. hvort það þá framvegis eigi að vera regla, að lóðareigendurnir, eður þeir er hafa afnot af rekafjöllum, framvegis þegar svo er ástatt, sem hér er um rætt, eigi að eignast þau vogrek, sem nefnd eru í opnu bréfi 4. maí 1778 1. gr., ef virðingarverð þeirra ekki fer fram yfir þá upphæð, 15 rd., sem um er rætt í kansellíbr. 26. ágústm. 1809.

Um þetta efni kunngjörir nú stjórnarráðið yður, yður til leiðbeiningar og athugunar, að bæði er það, að opíð br. 2. aprílm. 1853, er aðeins ræðir um vogrek á bændaeignum, ekki getur átt við það tilfelli, sem hér er fyrir hendi, eins og þér, herra amtmaður, einnig hafið álitíð, enda verða eigi heldur þeir hlutir, sem hér er um rætt, heimfærðir undir orðin í opnu bréfi 4. maím. 1778 2. gr.: „smá einstök brot af strönduðum skipum og bátum, sem eru lítils virði“ og samkvæmt þessum orðum verður að skilja kansellíbréfið frá 26. ágúst 1809, með því það bréf einungis nákvæmar ákveður, að 15 rd. skuli vera takmark fyrir verði þeirra vogreka, sem orð þau eiga við, er nú voru tilfærð úr 2. grein hins opna bréfs. Það virðist því vera vafalaust, að hvorki Þorsteinn prófastur Hjálmarsen né Guðmundur kirkjueigandi Sigurðsson hafi rétt til umráða yfir vogrekum þeim, sem bar upp á fjörur þeirra og hér er um rætt, heldur eigi þau að verða eign ríkissjóðsins, eptir að hinn lögboðni frestur er út runninn án þess að eigandinn hafi leitt sig að þeim og sannað eignarrétt sinn. Þau frumrituð fylgiskjöl, er voru með bréfi amtsins, eru hérmeð aptur send.

28. júní.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um borgun fyrir læknaennslu af fê spítala-sjóðanna.

Í bréfi 29. októberm. f. á. hafið þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi